



## Reglur um árlega viðurkenningu íþróttakonu og íþróttamanns Fljótshéraðs

### 1. gr.

Íþrótt- og tómstundanevnd, í umboði bæjarstjórnar Fljótshéraðs, skal árlega standa fyrir kjöri og útnefningu íþróttafólks Fljótshéraðs. Er tilgangur viðurkenningarinnar að vekja athygli á því góða íþrótt- og heilsueflingarstarfi sem unnið er á Fljótshéraði.

### 2. gr.

Hlutgengi í kjöri til íþróttafélags Fljótshéraðs hefur allt það íþróttafólk, 14 ára og eldra, sem er í íþróttafélögum á Fljótshéraði.

### 3. gr.

Óska skal eftir tilnefningum frá hverju félagi og/eða deild fyrir 20. nóvember ár hvert og skal tilnefna bæði mann og konu sé þess nokkur kostur. Skal tilnefningum félaganna fylgja greinargerð með upplýsingum um árangur þess íþróttafólks sem tilnefnt er og rökstuðningi fyrir vali.

### 4. gr.

Íþrótt- og tómstundanevnd velur úr þeim tilnefningum sem berast og tilnefnir þrjár konur og þrjá menn sem kosið skal á milli í rafrænni íbúakosningu sem gildir til helminga á móti vali íþrótt- og tómstundanevndar.

### 5. gr.

Íþrótt- og tómstundanevnd ákveður árlega verðlaunafé.

### 6. gr.

Bæjarstjóri Fljótshéraðs afhendir íþróttafólki Fljótshéraðs verðlaunafé og viðurkenningu. Afhending fer fram á síðasta bæjarstjórnarfundi ársins í beinni útsendingu.

Reglur þessar tóku gildi með samþykkt bæjarstjórnar Fljótshéraðs 4. desember 2019.